



SIGLINGASTOFNUN

REGLUR UM VIÐURKENNINGAR Á FLOTVINNUBÚNINGUM

1989

UMFANG


Reglur þessar taka til eftirfarandi eiginleika flotvinnubúninga:

Flothæfni - Einangrunar - Styrkleika - Lítar

FLOTHÆFNI

- 1.1 Flotvinnubúningur skal fljóta í fersku vatni í a.m.k. 24 klukkustundir með ekki minni þyngd en sem svarar til 8 kg af járn. Við prófun skal lofttæma búninginn.
- 1.2 Flotbúnaður skal þannig staðsettur í búningnum að maður í búningnum fljóti á bakinu með andlitið upp, í stöðu $0^\circ - 50^\circ$ frá lárétttri stöðu, sjá mynd 1.

Mynd 1.




FRÍBORÐ

- 1.3 Vinnubúningur skal hafa nægilega flothæfni til að fríborð munns og nefs sé aldrei minna en 25 mm í kyrru vatni.

EINANGRUN

- 2.1 Einangrun flotvinnubúnings skal vera það mikil, að fall kjarnhita meðalmanns sé ekki meiri en 1.5°C á klukkustund í $+5^{\circ}\text{C}$ heitu vatni (sjó).
- 2.2 Einangrun skal vera staðsett eins og mynd 2. sýnir. Á kálfum og úlnlið skal vera búnaður til að minnka streymi vatns í búninginn. Á búningnum skal vera hetta, sem hægt er að loka þétt að andliti, til að hefta streymi inn í búninginn.

Mynd 2.



STYRKLEIKI

- 3.1 Togþol ytra byrðis skal vera minnst 222 N. Rifþol ytra byrðis skal vera minnst 15 N. Togþol og rifþol skal prófa samkvæmt stöðlum DIN 53854/53530. Saumstyrkur skal ekki vera minna en togþol.

MERKINGAR/LITUR

- 4.1 Á flotvinnubúningi skulu vera minnst þrjú endurskinsmerki 5 x 15 cm að stærð, eitt skal vera staðsett á hettu og tvö á herðum.
- 4.2 Búningurinn skal vera merktur greinilega "FLOTVINNU-BÚNINGUR" með 15 mm háum stöfum.
- 4.3 Efri hluti búningsins skal vera rauður eða gulur, sjá mynd 2.


VIÐURKENNING OG EFTIRLIT

- 5.1 Framleiðendur flotvinnubúninga eða umboðsaðilar þeirra geta sótt um viðurkenningu á búningum til [Siglingastofnunar Íslands]. Umsóknum um viðurkenningu skulu fylgja gögn þau sem talin eru upp í viðauka með þessum reglum.
- 5.2 Óheimilt er að breyta viðurkenndum flotvinnubúning, hvorki efni eða gerð nema með samþykki stofnunarinnar. Sé það gert fellur viðurkenningin sjálfkrafa úr gildi.
- 5.3 Kostnaður vegna viðurkenningar og nauðsynlegra prófana greiðist af framleiðanda eða umboðsmanni hans.

GILDISTAKA

- 6.1 Reglur þessar taka þegar gildi

28. júlí 1989


Magnús Jóhannesson.
siglingamálastjóri

VIÐAUKI

GÖGN SEM SKULU FYLGJA UMSÓKNUM TIL VIÐURKENNINGAR
FLOTVINNUBÚNINGA

1. Eintak af flotvinnubúningi. Þeim sem sótt er um viðurkenningu á.

2. Vottorð um flothæfni. Vottorðið skal sýna að prófað hafi verið samkvæmt einum af eftirfarandi stöðlum.
 - 2.1 Sænskum staðli SIS 882221 gr. 2